

GUNNBJÖRG ÓLADÓTTIR

Að hafa dáíð

Ritdómur

| Mark Fox, *Religion, Spirituality and the Near-Death Experience*, Routledge 2003, 224 bls.

ÁBAKSÍÐU bókar þessarar segir að hér sé komin fyrsta velheppnaða tilraunin til að leiða saman vísindalegar aðferðir og aðrar rannsóknaraðferðir til að greina vitnisburði fólks sem hafa nærri dáíð. Því er auðvelt að samsinna eftir lestur bókarinnar og ljóst að Mark Fox tekst að rita aðgengilegan texta án þess að slá af faglegum kröfum í umfjöllun sinni og greiningu vitnisburðanna. Mark stundar rannsóknir við rannsóknarsetur sem nefnt er eftir stofnanda þess, Sir Alister Hardy, en oftast er kallað Religious Experience Research Centre (rannsóknarsetur trúarlífsreynslu). Sir Hardy var dýrafræðingur við Oxford háskóla og hafði óbilandi áhuga á andlegum fræðum, bæði austrænum og vest-rænum. Hann vann út frá þróunarkenningunni og hélt því fram að þroskað andlegt líf væri óvefengjanlegur þáttur í þróun mannkyns. Til að styrkja kenningu sína gekk hann í að safna á skipulegan hátt vitnisburðum fólks af trúarreynslu og eða reynslu þess af hvers kyns yfirnáttúrulegum fyrirbærum. Fékk hann helstu dagblöð Bretlands til liðs við sig og aðra fjölmiðla þar sem hann auglýsti eftir sjálfboðaliðum. Sú vinna fór að mestu fram á 7. og 8. áratugnum þó enn sé setrið að fá aðsent efni frá áhugasömum. Svörin létu ekki á sér standa og nú státar rannsóknarsetrið af 6000 slíkum vitnisburðum sem nýtast enn til frekari rannsóknarvinnu. Safnið var geymt í húsum Oxford skólans þar til fyrir þremur árum að það var flutt til Lampeter í Wales háskóla.

GLÍMAN 1 (2003), 129–132

Mark Fox vinnur við þetta setur og bók þessi er árangur hans af rannsókn sem fyrst og fremst beinist að reynslu þeirra sem hafa dáið og er 6. kaflinn einvörðungu helgaður gögnum úr safninu. Þar er að finna um hundrað áður óbirta vitnisburði sem teljast verður mikilvæg viðbót við 30 ára sögu rannsókna á þessu sviði.

En fyrri hluti bókarinnar er ekki síður mikilvægur þar sem hann gerir grein fyrir helstu rannsóknum á þessu sviði frá því um aldamót og bregður nýju ljósi á þann hluta efnisins hjá hinum stærri postulum eins og William James, William Barretts og Henry Sidgwicks, það er að segja yfirskilvitleg fyrirbæri og dulræn, hugsanaflutning, skyggnigáfu og dulskynjanir. Megináherslan hvílir þó á firm nýrra rannsókna sem beinast að nær-dauða reynslu (skammstöfunin NDE, sem venjulega er notuð um fyrirbærið, stendur fyrir ensku orðin *near death experience*). Frumkvöðull skipulegrar greiningar þeirra var Raymond Moody yngri sem skrifaði bókina *Life After Life* árið 1975. Síðan þá hefur greinin verið að stækka og rannsóknarsviðið að afmarkast.

Það er miður að vestræn akademía hefur sýnt þessu efni lítinn sem engan áhuga og nær-dauða reynsla því löngu orðin að sérgrein eða hliðargrein viðurkennra fræðigreina og sækir rétt sinn til sjálfrar sín að mestu. Það er einnig miður að heimspekingar og guðfræðingar hafa umgengist þessar rannsóknir af sama áhugaleysi með örfáum undantekningum, en þar á meðal er athyglisverð tilraun Hans Küngs til að lesa guðfræðilegar túlkanir „inn í“ slíka reynslu, ávallt með þeim fyrirvara, að hann sé ekki að fást við sönnunarbyrði um tilvist Guðs né handanveruleikann yfirleitt, heldur sé hann fyrst og fremst að reyna að varpa ljósi á skilning mannfólksins á handanveruleikanum.

Bók Marks tekur tillit til þessara staðreynda og tekst vel að sýna fram á að þessi vanþekking innan heimspekinnar og guðfræðinnar séu mikil mistök og skilji eftir ginnungagap í báðum fögum. Þetta rökstyður hann vel og þar rís bókin hæst að mínu mati, þar sem höfundurinn áráðir að glíma við efnið á skipulegan og fjölfaglegan hátt og er óhræddur að takast á við rökin með og á móti. Hann beitir aðferðafræði sem er næm fyrir heimspekilegum aðferðum og guðfræðilegum, en hann bæði nam og kenndi trúarbragðafræði við Oxford háskóla áður en hann sneri sér að heimspeki og trúarbragðafræðikennslu við Joseph Chamberlain menntaskólann í Birmingham til að hafa meira svigrúm til að sinna rannsóknarvinnu.

Það sem helst er heillandi við útlistun hans á reynslunni sjálfri er tilitið sem hann tekur til flókings samhengis vitnisburðanna, sem greina verður í tengslum við menningu og tungu persónunnar á bakvið vitnisburðinn annars vegar, en hins vegar afhjúpun sameiginlegs kjarna í reynslunni af hinu æðsta eða þess helga sem finna má með rétttri greiningar- og túlkunaraðferð. Hann veltir upp spurningum um samband huga, sálar og líkama, tekst á við fyrirbærafræðina sjálfa, glímir við sálfræðileg hugtök og nær að skapa farveg fyrir merkingu nær-dauða reynslunnar sem virðist næsta vonlaus í upphafinu. Þannig tekst honum að opna leið að spurningum sem heimspeki og guðfræði eru vel í stakk búnar að svara ef þær hirtu um það.

Þetta er ef til vill talsverð einföldun í framsetningu efnisins, en Mark Fox tekst með glöggskyggni að dýpka rökin í þriðja og fjórða kafla, þar sem hann hikar ekki við að vísa til eldri rannsókna á trúarreynslu, jafn fjölbreytileg og hún er allt síðan William James flutti Gifford fyrirlestra sína fyrir 101 ári við Edinborgarháskóla undir yfirskriftinni *The Varieties of Religious Experience* og margir þekkja. Fox tekst ekki síður á við helstu mótrökin og tekur fyrir eina af helstu gagnrýnisröddunum sem heyrast hjá þeim sem vara við því að tekið sé of mikið mark á yfirskilvitlegri reynslu vegna þess eins hvað minninu er áfátt. Elizabeth Loftus, sem nýtur viðurkenningar fyrir minnisrannsóknir sínar, hafði til dæmis veruleg áhrif á skilning okkar á minninu þegar hún líkti því við ‚sagnamanninn í þorpinu‘ og hafnaði þar með hugmyndinni um að minnið sé eins og upptökutæki sem geymir allt. Þetta hefur ekki síst haft áhrif innan lögfræðinnar varðandi sifjaspellsmál sem oft hafa átt sér stað mörgum árum áður en málið er tekið til umfjöllunar. Og því þykir mönnum að þess heldur megi efast um gildi reynslu fólks sem upplifir mörk lífs og dauða og er þá oftast nær ekki einu sinni með meðvitund.

Fimmti og sjötti kaflinn eru helgaðir sjálfum vitnisburðunum og túlkunaraðferð Fox, sem hefur yfirburði fyrst og fremst vegna virðingar hans og næmis gagnvart vitnisburðunum og persónunni sem er að veita hlutdeild í einstakri, persónulegri reynslu. Hann skoðar reynslu frá ólíkum menningarheimum, og dregur hvergi undan að rýna í samhengi reynslunnar sem oft er flókinn. Á hinn bóginn dregur hann fram í ljósi greiningar sinnar samnefnarann sem honum finnst mest heillandi við nær-dauða reynsluna, það sem hann kallar ‚ljósveruna‘. Ljósíð er þannig

meðfylgjandi í allri reynslu af nær-dauða en túlkanir fólks eru mjög ólíkar. Kristin manneskja gæti þannig túlkað slíkt ljós sem nærveru Krists, Gyðingur sem nærveru engils, og fólk sem ekki játar neina sérstaka trú finnur hugtök eins og ljósveru eða annað í þeim dúr. Samnefningarinn er ljósið, birtan sem umbreytir einstaklingnum og skapar óskiljanlega vel-líðan sem oft leiðir til þess sem Sigmund Freud kallaði ‚úthafstilfinninguna‘ eða það að finnast maður vera hluti af öllu sem hefur lífsanda.

Bókin er skemmtilega samansett og ögrandi áskorun um að taka þessa reynslu alvarlega, hlusta á hana betur en hingað til eða í það minnsta að hlusta á rök höfundarins til enda. Það er auðvelt þar sem bókin er á aðgengilegu máli út í gegn og uppbyggð eins og gott tónverk, fer mjúklega af stað með hárfínni rökfestu, smá eykur kraftinn eftir því sem undirtónninn dýpkar. Framsagan er ávallt skýr og þegar best gengur er hún spennandi, enda tekst Fox á við efnið af fullri alvöru. Bókin veitir tæmandi upplýsingar um helstu rannsóknir á nær-dauða reynslu, heimildaskrá og aðrar tilvísanir eru settar fram af mikilli þekkingu á efninu.

Óhætt er að mæla með bókinni og gaman verður að sjá hvort sumar áskoranir Marks Fox verða teknar alvarlega í framtíðinni.